



Endurgreiðslur vegna kvikmynda- gerðar á Íslandi

Ríkisendurskoðun

Endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2020



Október 2021

Inngangur

Þann 22. mars árið 1999 voru sett lög nr. 43 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Markmið laganna var að stuðla að eflingu innlendrar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er hér á landi. Þann 15. maí 2017 var samþykkt reglugerð nr. 450/2017 um heimild til að endurgreiða úr ríkissjóði 25% af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi og eftir atvikum í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Endurskoðunin byggir á ofangreindum lögum og reglugerð. Þar var kannað með úrtaki hvort greiðslurnar séu í samræmi við ofan greind lög og reglugerð og uppfylltu kröfu um fylgigögn og endurskoðun

Við útreikning á endurgreiðslu er tekið mið af heildarframleiðslukostnaði kvikmynda eða sjónvarpsefnis án tillits til þess hvaða þáttur í framleiðslunni skapar þann kostnað.

Málefna svið endurgreiðsluferfis kvikmynda heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti en afgreiðsla erinda er í höndum ráðherraskipaðrar nefndar um tímabundnar endurgreiðslur. Í gildi er þjónustusamningur milli ráðuneytisins og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands um umsýslu endurgreiðsluferfisins og sinnir starfsfólk stofnunarinnar störfum fyrir nefndina.

Framkvæmd endurskoðunar

Í október 2019 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um Endurgreiðslukerfi kvikmynda. Endurgreiðslukerfi vegna framleiðslu kvikmynda á Íslandi hefur verið starfrækt frá árinu 2001 á grundvelli laga nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Markmið laganna var upphaflega að styrkja innlenda kvikmyndagerð með því að endurgreiða tiltekið hlutfall framleiðslukostnaðar sem félli til hér á landi. Með þessu átti m.a. að gera Ísland að fýsilegum kosti til framleiðslu kvikmynda- og sjónvarpsefnis auk heimildamynda og laða að erlent kvikmyndagerðarfólk.

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að til að tryggja beri hagkvæma nýtingu fjárens beri að stuðla að.

- Hafa öflugt eftirlit með lögmæti kostnaðaruppgjöra þeirra verkefna sem sótt er um endurgreiðslu á.
- Kanna hvort staðið hafi verið skil á staðgreiðslu verktaka
- Að efla endurskoðun á verkefnum.

Framlag ríkissjóðs til endurgreiðslu á kostnaði við kvikmyndagerð árið 2020 nam 2.811 milljónum króna og voru endurgreiddar 2.398 milljónir króna til umsækjanda um endurgreiðslur. Kvikmyndamiðstöð Íslands fékk greiddar 22,7 milljónir króna vegna umsýningar með verkefninu, af þeirri fjárhæð voru 3,2 milljónir króna vegna leiðréttingar frá fyrra ári og tengdist greiðslu KMÍ á endurgreiðslu til kvikmyndaverkefnis.

Tafla 1 Greining á framlagi og kostnaði 2020

Í þús. kr.

Framlag ríkissjóðs	-2.811.400
Greiddir styrkir	2.398.326
Póknun KMÍ	19.500
Endurgreitt KMÍ	3.200
Íslandsstofa, kynningarmál	10.000
Annar kostnaður	1.449
Afkoma	-378.925

Annar kostnaður er minniháttar og er vegna endurskoðunar og sérfræðisþjónustu.

Samtals fengu 51 einstaklingar og lögaðilar endurgreiðslur að fjárhæð 2.398 milljónir króna. Tekið var úrtak 7 lögaðila eða um 14% að fjárhæð 1.151 milljónir króna, sem höfðu fengið endurgreiðslur og kannað hvort þær stæðust lög nr. 43/1999 og reglugerð nr. 450/2017.

Eftirtalin verkefni komu til skoðunar.

Tafla 2 úrtak verkefna

Heiti verkefnis	Framleiðandi	Pús. kr.
Sjónvarpsþættirnir Ráðherrann	Sagafilm ehf.	162.989
Sjónvarpsþættirnir Eurogarðurinn	Glassriver ehf.	38.571
Sjónvarpsþættirnir Með Loga 3	Skot - productions ehf.	15.033
Sjónvarpsþættirnir 2020 (Thin Ice)	Superhuman ehf.	392.947
Kvikmyndin Aether	Klopp Production ehf.	313.357
Kvikmyndin Ghost Draft	Ghost Production ehf.	205.269
Kvikmyndin The Northman	Northman Productions ehf.	23.059
		1.151.225

Skv. 2. gr. reglugerðar nr. 450/2017 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi kemur fram að „Umsókn um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar kvikmyndaverkefnis skal senda nefnd um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar áður en framleiðsla hefst hér á landi. Nefndin sem skipuð er skv. 3. gr. laga nr. 43/1999 fer yfir innkomnar umsóknir sem skulu vera í samræmi við leiðbeiningar nefndarinnar um form umsókna. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um rekstur og efnahag þess félags sem sækir um endurgreiðsluna.

Telji nefndin að verkefnið uppfylli sett skilyrði veitir hún umsækjanda vilyrði fyrir endurgreiðslu. Útgefið vilyrði tekur til þeirra verkþátta sem sótt er um endurgreiðslu fyrir eins og lýst er í umsóknargögnum og þess kostnaðar sem stofnað er til vegna þeirra, byggt á framlagðri kostnaðaráætlun á umsóknardegi.“

Þegar kvikmyndaverkefninu lýkur þá sendir framleiðandi nefndinni umsókn um endurgreiðslu, sem byggir á ofangreindu loforði. Það er hlutverk nefndarinnar að leggja mat á uppgjörð og fylgigögn þeirra til að samþykkja endurgreiðsluna, sem nemur allt að 25% af innlendum kostnaði. Styrkir Kvikmyndasjóðs til verkefnanna eru dregnir frá framleiðslukostnaði.

Í yfirlitsblaði vegna umsóknar um útborgun vilyrðis vegna endurgreiðslu framleiðslukostnaðar á grundvelli laga nr. 43/1997 til ofangreindra fyrirtækja, kom fram hvað hafði verið athugað áður en greiðsla átti sér stað.

- Minna en 3 ár frá dagsetningu vilyrðis.
- Minna en 6 mánuðir frá lokum framleiðslu.
- Kostnaðaruppgjör staðfest af endurskoðanda
- Árseikningur framleiðslufélags fylgir.
- Yfirlit yfir framleiðslukostnað þar sem kostnaður er borin saman við áætlun.
- Greinagerð um frávik kostnaðar sem nemur meira en 20%
- Sundurliðun framleiðslukostnaðar eftir löndum (þar sem við á).
- Eru vangreiddir skattar eða gjöld vegna framleiðslu.

Í öllum tilfellum kom fram að nefnd um endurgreiðslurnar hafi kannað ofangreind atriði. Á grundvelli samþykktar nefndarinnar heimilaði Atvinnu og nýsköpunarráðuneytið greiðslurnar.

Ríkisendurskoðun kannaði grunnskjöl ofangreindra verkefna til frekari staðfestingar og er niðurstaðan eftirfarandi.

- Sjónvarpsþættirnir *Ráðherrann*. Fjárhæð endurgreiðslu nam 163 m. kr. Staðfesting endurskoðanda er án athugasemda. Önnur gögn fylgdu með.
- Sjónvarpsþættirnir *Eurogarðurinn*. Fjárhæð endurgreiðslu nam um 39 m. kr. Staðfesting endurskoðanda er án athugasemda. Önnur gögn fylgdu með.
- Sjónvarpsþættirnir *Með Loga (3)*. Þar sem fjárhæð endurgreiðslu var undir 20 m.kr. var ekki krafist staðfestingar endurskoðanda. Staðfesting stjórnar ásamt öðrum gögnum fylgdu með.

- Sjónvarpsþættir *2020 (Thin Ice)*. Fjárhæð endurgreiðslu nam um 393 m. kr. Staðfesting endurskoðanda er án athugasemda. Önnur gögn fylgdu með.
- Kvikmyndin *Aether*. Fjárhæð endurgreiðslu nam um 313 m. kr. Staðfesting endurskoðanda er án athugasemda. Önnur gögn fylgdu með.
- Kvikmyndin *Ghost Draft*. Fjárhæð endurgreiðslu nam liðlega 205 m. kr. Staðfesting endurskoðanda er án athugasemda. Önnur gögn fylgdu með.
- Kvikmyndin *Northman*. Fjárhæð endurgreiðslu nam um 23 m. kr. Staðfesting endurskoðanda er án athugasemda. Önnur gögn fylgdu með.

Niðurstöður

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndar um endurgreiðslur vegna kvikmyndaverkefna. Við skoðun á úrtökum kom í ljós að öll gögn voru til staðar og voru í samræmi við lög nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og reglugerð nr. 450/2017.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is